



Tillaga að stækkun friðlands Þjósárvera til kynningar

t-póstur

Málsnúmer: 2013010041

Bréfalyklar: 41-0 Verndaráætlanir - friðlýsingar almennt

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 03.10.2017

Dagsetning skjals: 03.10.2017

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: postur@uar.is

Frá: Trausti Baldursson/NI.IS

Dags: 03.10.2017 17:40:21

Til: postur@uar.is

Efni: Tillaga að stækkun friðlands Þjósárvera til kynningar

Vísað er til fréttar á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins þar sem auglýst er tillaga að stækkun friðlands Þjósárvera, sjá <https://www.stjornarradid.is/verkefni/allar-frettir/frett/2017/07/04/Tillaga-ad-staekkun-friðlands-Thjorsar-vera-til-kynningar/>

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar því að nú eigi að stækka friðlandið og tekur undir þau meginmarkmið sem koma fram í drögum að friðlýsingarskilmálum. Með stækkun friðlandsins munu svæði eins og Eyvafen og rústamýrar austan við Hofsjökul, norðan núverandi marka friðlandsins, njóta verndar auk þess sem jökullinn allur mun verða innan friðlandsmarka og næst þar með víðtækari vernd á jarðminjum víðerni, landslagi og vatnasviði Þjósárvera.

Náttúrufræðistofnun vill benda á nokkur eftirfarandi atriði sem betur mættu fara:

Refaveiðar:

Á fyrri stigum þessa máls hefur Náttúrufræðistofnun bæði vakið athygli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Umhverfisstofnunar á því að það fer engan vegin saman að eitt af aðal meginmarkmiðum friðlýsingarinnar sé vernd líffræðilegrar fjölbreytni en síðan eigi að opna á veiðar á ref, en veiðar á ref eru bannaðar samkvæmt núverandi friðlýsingu.

Vert að minna á að megin reglan samkvæmt lögum nr. 64/1994 er sú að refur er verndaður en veiðar heimilar samkvæmt ákveðnum reglum. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni hlýtur einnig að fela í sér vernd á rándýrum en refur, eina upprunalega rándýr landsins, hefur „alltaf“ verið hluti af lífríki Þjósárvera og hefur hlutverki að gegna í vistfræði/lífríki veranna og þar með hluti af líffræðilegri fjölbreytni þeirra. Það á því í fyrsta lagi að skilja alfarið í sundur reglur í friðlýsingarskilmálunum um veiðar á ref og reglur um veiðar á framandi ágengri tegund eins og mink. Náttúrufræðistofnun telur að banna eigi veiðar á ref innan friðlandsins almennt af framangreindum ástæðum. Engin rök eru færð fyrir því hvers vegna refaveiðar eru nauðsynlegar á þessu svæði. Ef stækkun friðlandsins kallar á úttek á því hvort það eigi að heimila veiðar á ref á tilteknum svæðum eftir stækkunina, þ.e. er viðbótarsvæðum, þá þarf að rökstyðja það. Það er því eðlilegt að grunnreglan sé að refaveiðar séu bannaðar ef verið er að vernda líffræðilega fjölbreytni á sérstökum verndarsvæðum.

Innan friðlandsmarka:

Vegna hörfunar Múlajökuls frá 1995 hefur komið í ljós stærsta einstaka þyrping jökulalda sem þekkt er á nútíma. Jökulöldurnar eru einstakt náttúrufyribæri þar sem myndun og mótun þeirra eru í virku ferli. Sambærilegar jökulöldur frá lokum síðustu ísaldar eru þekktar í N-Ameríku og í Skandínavíu en virkar myndanir á nútíma eru hvergi annars staðar þekktar nema við Múlajökul og því einstakar á heimsvísu og með hátt vísindalegt gildi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ástæða til að þessara einstöku jarðminja sé getið í friðlýsingu Þjósárvera.

(Heimild: Þorbjörg Helga Hilmarsdóttir 2013. Drumlins field at Múlajökull, central Iceland. MS-thesis, Faculty of Earth Science, University of Iceland, pp. 93)

Fjórðungssandur:

Á Fjórðungssandi eru einstakir endasleppir sandar og malarásar sem marka hörfun jökulsins í lok síðustu ísaldar. Endasleppir sandar eru myndaðir með upphleðslu jökulársets framan við jökuljaðar. Elstu ummerki endaslepptra sanda eru á norðanverðum Fjórðungssandi og norðan Hnífárbotna. Þar hefur um tíma staðið jökullón fyrir framan ísaldarjökullinn og hæstu strandlínur lónsins eru í um 670 m hæð yfir sjávarmáli. Malarásar myndast hins vegar í göngum undir jökli og skilja eftir hryggi úr jökulárseti þegar jökullinn bráðnar. Frá Sauðafelli og nær samfelld norðnorðvestur yfir Þjórsá má reka eitt mesta malarásabelti landsins sem endar í endaslepptu söndunum á Fjórðungssandi. Þessi landslagsheild jökulmenja eru merkilegar á landsvísi

(Heimild: Ingibjörg Kaldal og Elsa G. Vilmundardóttir 1999: Norðlingaöldulón - Yfirlit um jarðfræði. Orkustofnun. Greinagerð IK/EGV-9902)

Miðað við tillögu að stækkun friðlands Þjórsárvera mætti skoða betur friðlandsmörkin syðst og vestast til að þau nái yfir þessar jarðminjar á Fjórðungssandi en „lítil“ tilfærsla á þeim gæti dugað. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að aðstoða við þetta ef þess er óskað.

Vinna við friðlýsingu Kerlingarfjalla er í vinnslu og eðlilegt á síðari stigum að skoða friðlýsingu þeirra í samhengi við stækkun friðlands Þjórsárvera.

Í 11. gr. um Landnotkun og mannvirkjagerð segir: „Heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Einnig er heimilt að halda við mannvirkjum, svo sem virkjanamannvirkjum, skálum, vegum og námum sem þegar eru í notkun, án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar og fer um þær leyfisveitingar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010. Heimilt er að reisa fræðslumannvirki til að ná fram markmiðum friðlýsingarinnar, sbr. 2. gr., að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags.“

Orðalag þessarar greinar er frekar ómarkvisst og óljóst. Hér hlýtur að vera átt við að leyfisveitingar til framkvæmda sem gefnar hafa verið út fyrir gildistöku friðlýsingarinnar haldi gildi sínu svo framarlega sem þær séu í samræmi við samþykkt aðal- og deiliskipulag. Einnig mætti laga aðra setningu greinarinnar og orða hana þannig: Einnig er heimilt að halda við mannvirkjum, svo sem virkjanamannvirkjum, skálum, vegum og námum sem þegar eru í notkun og eru í samræmi við samþykkt aðal- og deiliskipulag, ef sýnt þykir að viðhald þeirra fari ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar. Um leyfisveitingar vegna þessara framkvæmda fer samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

